

LANDSRÉTTUR

Úrskurður fimmtudaginn 15. maí 2025.

Mál nr. 76/2025:

A

(Ágúst Ólafsson lögmaður)

gegn

B

(Hilmar Garðars Þorsteinsson lögmaður)

Lykilorð

Börn. Meðdómsmaður. Ómerking héraðsdóms.

Útdráttur

Í málinu deildu A og B um forsjá sonar þeirra, C, lögheimili barnsins, meðlag og umgengni. Með dómi héraðsdóms, sem skipaður var einum embættisdómara, geðlækni og sálfræðingi, var ákveðið að A og B færu áfram sameiginlega með forsjá C og lögheimili barnsins skyldi vera hjá B, auk þess sem kveðið var á um meðlag og umgengni. Í úrskurði Landsréttar var rakið að ótvírætt hefði þurft sérkunnáttu til að taka afstöðu til forsjárhæfni aðila. Ekki hafi þó verið efni til þess að kveðja til tvo sérfróða meðdómendur til setu í dómi í héraði, enda hafi sérkunnátta þeirra beggja lotið að sama atriði, það er forsjárhæfni aðilanna. Þótt yfirmat hafi verið unnið af sálfræðingi og geðlækni hafi ekkert í niðurstöðum þess kallað á þessa skipun dómsins. Var skipan dóms í héraði því í andstöðu við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og varð ekki komist hjá því að ómerkja héraðsdóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Úrskurður Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómaramarnir Eiríkur Jónsson, Hervör Þorvaldsdóttir og Ragnheiður Harðardóttir.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 27. janúar 2025. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjaness 31. október 2024 í málinu nr. E-[...]/2022.
- Áfrýjandi krefst þess að henni verði falin forsjá barnsins C og að lögheimili hans verði hjá henni. Þá eru hafðar uppi kröfur sem lúta að umgengni og greiðslu meðlags. Loks er krafist málskostnaðar fyrir Landsrétti.
- Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms um annað en umgengni. Þá er krafist málskostnaðar fyrir Landsrétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

- 4 Samkvæmt ákvörðun Landsréttar var málið flutt 13. maí 2025 um formhlið þess, sbr. 2. mgr. 161. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða

- 5 Í máli þessu deila aðilar um forsjá sonar þeirra, C, auk þess sem ágreiningur er um hvernig háttað skuli lögheimili barnsins, umgengni og meðlagsgreiðslum. Við meðferð málsins í héraði kvaddi héraðsdómari D sálfræðing til að meta aðstæður aðila og barnsins, forsjárhæfni aðila, tengsl barnsins við þau, afstöðu barnsins til búsetu og umgengni og hvernig best yrði háttað umgengni þess við það foreldri sem ekki fengi forsjá þess. Matsgerð hins dómkvadda manns lá fyrir 2. júní 2023. Í þinghaldi 31. ágúst 2023 var fallist á beiðni stefnda um dómkvaðningu tveggja yfirmatsmanna, en meðal annars var þess beiðst að við mat á forsjárhæfni yrði lagt fyrir aðila persónuleikapróf og skimað fyrir geðröskunum og persónuleikaröskunum. Voru E sálfræðingur og F geðlæknir dómkvaddir til að vinna matið og lá matsgerð þeirra fyrir 26. febrúar 2024. Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi voru niðurstöður matsgerðanna tveggja ekki samhljóða og gerðu yfirmatsmenn ýmsar athugasemdir við framkvæmd undirmatsins.
- 6 Við upphaf aðalmeðferðar í héraði 11. september 2024 var bókað í þingbók að dómari hefði kvatt til setu í dóminum sem sérfróða meðdómsmenn Þorgeir Magnússon sálfræðingur og Helga Garðar Garðarsson geðlækni. Samkvæmt fyrri málslið 2. mgr. 2. gr. laga nr. 91/1991, eins og ákvæðinu var breytt með 1. gr. laga nr. 49/2016, getur dómari, ef deilt er um staðreyndir sem eru bornar fram sem málsástæður og hann telur þurfa sérkunnáttu í dómi til að leysa úr, kvatt til einn meðdómsmann sem hefur slíka kunnáttu og ákveður dómstjóri þá hvaða héraðsdómari skipi dóm í málinu ásamt dómsformanni og hinum sérfróða meðdómsmanni. Í síðari málslið ákvæðisins segir að þó sé dómara heimilt að kveðja til tvo meðdómsmenn ef hann telur þurfa sérkunnáttu í dómi á fleiri en einu sviði.
- 7 Eins og fyrr greinir kvaddi héraðsdómari til setu í dóminum tvo sérfróða meðdómsmenn, sálfræðingur og geðlækni. Ótvírætt er að sérkunnáttu var þörf til að taka afstöðu til forsjárhæfni aðilanna, einkum með hliðsjón af niðurstöðum matsgerðanna tveggja þar um. Eins og málið lá fyrir voru þó ekki efni til þess að kveðja til tvo sérfróða meðdómendur til setu í dóminum, sálfræðingur og geðlækni, enda laut sérkunnátta þeirra beggja að sama atriði, það er forsjárhæfni aðilanna. Þótt yfirmat hafi verið unnið af sálfræðingi og geðlækni var ekkert í niðurstöðum þess sem kallaði á þessa skipan dómsins. Í því sambandi er til þess að líta að yfirmatið fól eðli sínu samkvæmt í sér endurmat á þeim atriðum sem hinn dómkvaddi sálfræðingur hafði áður metið og ekki reyndi þar á atriði sem kölluðu á dómkvaðningu geðlæknis. Því til samræmis lýsti lögmaður stefnda því yfir í málflutningi fyrir Landsrétti að engu hefði breytt um vinnslu yfirmatsins þótt tveir sálfræðingar hefðu verið til þess kvaddir.
- 8 Samkvæmt framangreindu var skipan héraðsdóms í andstöðu við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 91/1991. Verður því ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa

málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar, sbr. til hliðsjónar meðal annars dóm Hæstaréttar 27. febrúar 2019 í málinu nr. 26/2018 og úrskurð Landsréttar 20. mars 2019 í málinu nr. 711/2018.

- 9 Málkostnaður í héraði og fyrir Landsrétti fellur niður. Um gjafsóknarkostnað áfrýjanda í héraði og stefnda á báðum dómstigum fer samkvæmt því sem í úrskurðarorði greinir.

Úrskurðarorð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Málkostnaður í héraði og fyrir Landsrétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, A, og stefnda, B, eins og hann var ákveðinn í héraði, greiðist úr ríkissjóði.

Gjafsóknarkostnaður stefnda fyrir Landsrétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, Hilmars Garðars Þorsteinssonar, 800.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 31. október 2024

Mál þetta, sem var þingfest 7. september 2022, var dómtekið 10. október 2024. Stefnandi er B, kt. [...], [...], Reykjavík. Stefnanda er A, kt. [...], [...], Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær að forsjá sonar aðila, C, kt. [...], verði dæmd sameiginleg. Jafnframt er þess krafist að lögheimili drengsins verði hjá stefnanda. Einnig er þess krafist að stefndu verði gert að greiða stefnanda meðlag með drengnum eins og barnalífeyrir er ákveðinn hverju sinni, frá dómsuppkvaðningu til 18 ára aldurs drengsins. Þá er gerð krafa um málskostnað, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefnda hafnar kröfu stefnanda um að forsjá drengsins verði sameiginleg og krefst fullrar forsjár hans. Verði dæmd sameiginleg forsjá gerir stefnda kröfu um að lögheimili drengsins verði hjá stefndu. Því er hafnað að stefndu verði gert að greiða meðlag með drengnum. Verði fallist á kröfu stefndu um að lögheimili drengsins verði hjá henni fellur hún frá kröfu um meðlag. Þá gerir stefnda kröfu um að kveðið verði á um umgengni drengsins við stefnanda eins og nánar er lýst í greinargerð stefndu. Loks er gerð krafa um málskostnað, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Í þinghaldi 11. janúar 2023 lagði stefnandi fram matsbeiðni og var D sálfræðingur dómkvödd sem matsmaður. Matsgerð, dags. 2. júní 2023, var lögð fram í þinghaldi 28. júní 2023 og var málinu frestað til framlagningar yfirmatsbeiðni stefnanda. Beiðni stefnanda um yfirmat var tekin fyrir 31. ágúst 2023 og var af hálfu stefnanda þess óskað að dómkvaddir yrðu yfirmatsmenn, sálfræðingur og geðlæknir. Þetta sætti ekki athugasemdum af hálfu stefndu og voru dómkvaddir sem yfirmatsmenn E sálfræðingur og F geðlæknir. Yfirmatsgerð, dags. 26. febrúar 2024, var lögð fram í þinghaldi 18. mars 2024 og var málinu frestað til sáttaumleitana. Í þinghaldi 18. apríl 2024 var af hálfu stefndu óskað eftir fresti til að leggja fram beiðni um endurskoðun yfirmatsgerðar. Var málinu frestað til 24. s.m. en þá var beiðnin lögð fram. Af hálfu stefnanda var beiðni stefndu hafnað og var málinu frestað til munnlegs málflutnings um ágreining aðila til 29. s.m. Málið var þá tekið til úrskurðar. Með úrskurði dómsins 15. maí 2024 var kröfu stefndu um endurskoðun yfirmatsgerðar hafnað. Málið var dómtekið 10. október 2024 að lokinni aðalmeðferð.

I.

Málsatvik eru þau að aðilar kynntust á árinu 2015 er stefnda, sem er frá [...], var á ferðalagi um Ísland og stefnandi starfaði við ferðapjónustu. Þau gengu í hjónaband [...] 2016 og hinn [...] s.á. fæddist þeim sonur, C, í Reykjavík. Fyrir átti stefnandi tvær dætur sem eru uppkomnar, G og H.

Í ársbyrjun 2017 fór stefnda til [...] vegna veikinda í fjölskyldu hennar en drengurinn varð eftir hjá stefnanda. Stefnda kom aftur til landsins í apríl 2017. Stefndi segir að frá þeim tíma hafi aðilar verið óreglulega saman og drengurinn oftast hjá honum. Stefnda hefur einnig lýst því að hún fór aftur til [...] í lok febrúar 2018 og komið aftur í júní s.á. Þá segir stefnandi að stefnda hafi sumarið 2019 farið með drenginn án samþykkis stefnanda til [...] og stefnandi hafi sótt drenginn í september sama ár. Stefnda mótmælir þessu og segir að hún hafi farið með drenginn í fullu samráði við stefnanda. Stefnda kom aftur til Íslands snemma árs 2020.

Haustið 2020 óskaði stefnandi eftir skilnaði að borði og sæng við stefndu hjá sýslumanni. Ágreiningur var bæði um fjárskipti og forsjá drengsins en bráðabirgðasamkomulag var gert, dags. 30. mars 2021, um jafna umgengni drengsins í viku og viku hjá hvorum aðila. Samkomulagið gildi um umgengni frá 29. mars til 3. maí 2021.

Sáttaumleitanir féllu niður og sýslumaður vísaði skilnaðarmálinu frá. Stefndi leitaði á ný til sýslumanns 3. nóvember 2021 en sættir tókust ekki með aðilum. Liggur fyrir vottorð sýslumanns, dags. 31. janúar 2022, um að sættir hafi ekki tekist. Með bréfi sýslumanns 1. febrúar 2022 var skilnaðarmálinu vísað frá sýslumanni.

Stefndi höfðaði í kjölfarið mál þetta og gerði kröfu um skilnað að borði og sæng, sameiginlega forsjá drengsins og að lögheimili yrði hjá stefnanda. Aðilar undirrituðu samning um fjárskipti 10. október 2022. Með dómi 3. nóvember 2022 var stefnanda veittur skilnaður að borði og sæng við stefndu.

Við aðalmeðferð málsins gáfu aðilar skýrslu. Þá kom fyrir dóm D sálfræðingur, sem var dómkvaddur matsmaður. Einnig komu fyrir dóm yfirmatsmenn, E sálfræðingur og F geðlæknir. Verður vísað til framburðar þeirra síðar eftir því sem ástæða er til.

II.

Stefndi byggir kröfu sína um sameiginlega forsjá og að lögheimili drengsins verði hjá honum á því að það sé drengnum fyrir bestu að báðir foreldrar taki þátt í uppeldi hans með ríkum hætti. Drengurinn hafi haft lögheimili hjá stefnanda undanfarin ár og hann hafi mun ríkari tengsl við drenginn en stefnda og telur sig mun betur til þess fallinn að fara með málefni drengsins en stefnda.

Stefndi kveðst byggja dómkröfu sína um sameiginlega forsjá, lögheimili og meðlagsgreiðslur á því sem hann telji drengnum fyrir bestu, sbr. V. kafla barnalaga nr. 76/2003. Krafa stefnanda um meðlagsgreiðslur styðst við 5. mgr. 34. gr., 56. og 57. gr. sömu laga.

Krafa um málskostnað er byggð á 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 og lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

III.

Stefnda mótmælir því í greinargerð sinni að stefnandi hafi ríkari tengsl við drenginn og því að hann sé mun betur til þess fallinn að fara með málefni drengsins en hún. Stefndi hafi verið skráður með lögheimili að [...], Reykjavík. Um sé að ræða iðnaðarsvæði sem ekki sé ætlað til íbúðar. Stefndi sé í dag skráður óstaðsettur samkvæmt Þjóðskrá. Raunveruleg búseta stefnanda sé í sumarbústað að [...] í [...], skráðum á dóttur hans, G. Vegna þessarar lögheimilisskráningar að [...] hafi stefndi fengið pláss fyrir drenginn í [...]skóla, [...]. Stefndi sé ekki skráður fyrir neinni fasteign. Stefnda eigi hins vegar fasteign. Þar sem stefndi sé ekki skráður með fast lögheimili verði að teljast eðlilegt að drengurinn verði skráður með sama lögheimili og stefnda. Mikilvægt sé fyrir ungan dreng að eiga þess kost að ganga í skóla nálægt heimili sínu og vera í nálægð við skólafélaga sína.

Stefnda heldur því fram að stefnandi hafi komið í veg fyrir að hún geti umgengist drenginn án þess að stefndi sé viðstaddur nema í örfá skipti. Hún hafi þurft að keyra úr Reykjavík inn í [...] í sumarbústaðinn til að hitta drenginn og einstöku sinnum farið á hótél í nágrenninu þar sem hún hafi ekki treyst sér til að keyra til baka til Reykjavíkur. Þá hafi verið gerðir samningar um umgengni sem ekki hafi

verið virtir af hálfu stefnanda. Stefnanda hafi því réttmæta ástæðu til að óttast að stefnandi muni tálma umgengni drengsins við stefndu verði forsjá sameiginleg.

Í greinargerð stefndu segir að drengurinn hafi verið nokkuð fráhverfur henni þegar hún hitti hann með stefnanda og hún telji að stefnandi ali á óvild í hennar garð. Drengurinn sé hins vegar mjög innilegur við hana þegar hún hafi náð að vera með honum einum.

Þá telur stefnda að engin rök hafi komið fram af hálfu stefnanda hvers vegna hann sé betur til þess fallinn að fara með forsjá drengsins. Þetta sé ósönnuð fullyrðing.

Stefnda bendir á að drengurinn sé að hálfu íslenskur og að hálfu [...]. Rætur hans séu því bæði íslenskar og [...]. Þess vegna sé mikilvægt að hann kynnist bæði íslenskri og [...] menningu og íslenskum og [...] skyldmönnum.

Stefnda telur að verði forsjá sameiginleg muni stefnandi koma í veg fyrir að hún fari með drenginn í heimsókn til [...] til að kynna fyrir honum bæði [...] menningu og [...] skyldmenni. Stefnandi eigi hér stóra fjölskyldu og uppkomin börn en stefnda eigi engan að á Íslandi og því sé nauðsynlegt að hún fái tækifæri til að fara í heimsókn til [...] með drenginn, sem sé háð samþykki stefnanda fram að 18 ára aldri drengsins, án þess að til þurfi að koma úrskurður sýslumanns skv. 51. gr. a barnalaga. Fá stefnda ekki fulla forsjá sé ástæða til að óttast að drengurinn týni hluta róta sinna og móðurmáli sínu.

Stefnda byggir einnig á því að fjárhagsleg staða hennar sé mun betri en staða stefnanda.

Að því er umgengni varðar leggur stefnda til í greinargerð sinni að almenn umgengni verði þannig að drengurinn verði hjá henni frá mánudegi eftir skóla og til fimmtudags kl. 18:00 þrjár vikur í röð en fjórðu vikuna alfarið hjá henni. Drengurinn verði til skiptis hjá aðilum á stórhátíðum. Svigrúm skuli vera í umgengni drengsins svo hann geti verið viðstaddur sérstaka viðburði hjá hvorum aðila um sig. Þegar starfseminni skóla sé lokuð á sumrin og þar til skóli hefst aftur að hausti skuli drengurinn vera helming þess tíma hjá stefndu og helming hjá stefnanda.

Varðandi varakröfu er vísað til sömu málsástæðna og fyrir aðalkröfu.

Um lagarök er vísað til barnalaga nr. 76/2003, einkum 1. mgr. 28. gr., 34.-35. gr., 38. gr., 46. gr. og 51. gr. a. Einnig vísar stefnda til laga nr. 19/2013 um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu.

Krafa um málskostnað byggir á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, aðallega 129. og 130. gr. Stefnanda sé ekki virðisaukaskattsskyld og beri því að bæta virðisaukaskatti við dæmdan málskostnað, sbr. lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

IV.

Fyrir liggur ítarleg matsgerð D sálfræðings, dags. 2. júní 2023. Þar er rakin forsaga málsins og gögn sem bærust matsmanni í matsferlinu, s.s. frá heilsugæslu og barnavernd. Þá er gerð grein fyrir viðtölum matsmanns við aðila og lýst aðstæðum þeirra, líðan og framtíðaráformum. Þau sálfræðilegu próf sem lögð voru fyrir aðila voru Raven-greindarpróf og MMPI-2 persónuleikaprófið. Þá ræddi matsmaður í tvígang við drenginn og lagði fyrir hann Bene-Anthony fjölskyldutengslapróf. Einnig ræddi matsmaður við aðstoðarleikskólstjóra, kennara í [...]skóla og starfsfólk í frístund. Jafnframt ræddi matsmaður við föðurömmu drengsins, sambýlismann stefndu og fyrrum nágrannakonunni hennar.

Í samantekt og álit matsmanns segir um aðstæður stefnanda að hann búi að [...], sem sé á sumarhúsasvæði nálægt [...]vatni. Stefnandi og drengurinn séu með skráð lögheimili þar og þannig hafi stefnandi getað skráð drenginn í leikskóla á [...] og síðan í [...]skóla sem sé í 24 km fjarlægð frá [...]. Drengurinn fari með skólarútu í skólann. Matsmaður segir að stefnandi hafi komið ágætlega fyrir en ýmsar upplýsingar sem hann hafi gefið standist ekki skoðun. Það hafi verið upplifun matsmanns að stefnandi hafi lagt sig fram við að villa um fyrir matsmanni með ýmsum hætti og reynt að búa til neikvæða ímynd af stefndu.

Matsmaður nefnir sem dæmi að stefnandi hafi fullyrt að stefnda hafi ekki verið með drenginn á brjósti en samkvæmt gögnum Landspítala og heilsugæslu hafi hún haft hann á brjósti í fjórar vikur frá fæðingu hans en þá þurft að fljúga til [...] vegna skyndilegs fráfalls föður hennar. Þá hafi stefnandi sagt að stefnda sé búsett í [...] en að hún væri „stödd á Íslandi“. Stefnanda hafi ekki farið til [...] síðan 2019. Frá

fæðingu drengsins hafi hún þrívægis ferðast til [...], en í tvígang hafi það verið vegna fráfalls foreldra hennar. Samkvæmt stefndu hafi stefnandi ekki staðið við að koma með drenginn út til hennar í fyrstu ferðinni til [...]. Þá hafi stefnandi sagt að stefnda hafi á árinu 2020 verið með drenginn á flakki í átta mánuði en samkvæmt upplýsingum frá leikskóla drengsins hafi hann verið fjarverandi í 25 vikur af 52 en ekki í 32 vikur eins og stefnandi haldi fram. Einnig segir matsmaður að þegar barnavernd hafi rætt við stefnanda hafi hann fullyrt að stefnda hefði dvalið í [...] í heilt ár frá drengnum en ekkert í gögnum samræmist þeirri frásögn. Jafnframt segir matsmaður að fram komi í gögnum barnaverndar að stefnda hafi síðla árs 2020 greint frá því að drengurinn vildi ekki fara til stefnanda sem ætti við reiðivanda að stríða. Þá hafi hún sagt að drengurinn væri ekki í leikskólanum þar sem það tæki of langan tíma að keyra þangað og það væri hættulegt á veturna. Hún vildi að drengurinn færi í leikskóla í Reykjavík en stefnandi vildi það ekki. Matsmaður telur þetta sýna að stefnda hafi viljað sinna drengnum og vera þátttakandi í lífi hans en aðstæður sem stefnandi hafi boðið upp á með því að hafa drenginn í leikskóla á [...] hafi reynst henni ofviða. Stefnda hafi einnig rætt þetta við matsmann og verið trúverðug.

Þá segir matsmaður að stefnandi hafi látið ýmislegt neikvætt flakka um stefndu eins og að hún sé hræðileg móðir sem hafi enga reglu á háttatíma drengsins, hann hafi alltaf verið illa klæddur hjá henni, hann hafi ráðið því hvað hann borðaði hjá henni og sofið í fötunum. Engin rútína hafi verið hjá henni, hún hafi leyft honum allt og ekki sett honum nein mörk. Og þegar hún leiki við drenginn hlaupi hún á eftir honum og þau fari í gamni slag. Það sé mikill hamagangur og læti. Hún væri „bæði andlega og líkamlega fjarverandi“. Einnig hafi stefnandi sagt: „Hún gefur honum aldrei að borða. Hún eldar bara og fær sér að boða og réttir honum bara sína þrjóna.“ Matsmaður segir að þessar lýsingar standist ekki gögn málsins eða skoðun matsmanns. Matsmaður bendir á að stefnda hafi verið dugleg að taka myndir af drengnum bæði hér á landi að vetrarlagi og í [...] og megi merkja á þeim að hann sé kátur og glaður, klæddur eftir veðri og líði og dafni mjög vel. Einnig megi lesa af myndunum og myndbandsbrotum að bæði séu hamingjusöm saman og að á milli þeirra séu góð tengsl. Þá hafi starfsmaður leikskólans sagt við matsmann að stefnda hafi verið mjög hlý og góð við drenginn, verið umhugað um velferð hans og verið fær um að mæta þörfum hans. Stefnda komi hins vegar úr allt öðru umhverfi þar sem venjur séu aðrar en hún hafi tekið allri leiðsögn vel. Þá hafi í áhorfum matsmanns greinilega mátt sjá að stefnda beri mikla umhyggju fyrir drengnum og leggi sig alla fram í móðurhlutverkinu. Stefnda sé meðvituð um að setja drengnum mörk. Hún hafi nær einungis fengið að hitta drenginn í heimsóknum sínum í [...] og verið gestur á heimilinu. Þannig hafi í langan tíma í raun ekki reynt almennilega á uppeldishlutverk hennar. Þá bendir matsmaður á að könnun barnaverndar á árinu 2020 hafi leitt í ljós að grunnþörfum drengsins væri sinnt og hann metinn í öruggum höndum. Vandinn lægi í samskiptavanda milli foreldranna. Þegar barnavernd hafi borist tilkynningar á árinu 2019 um slæman aðbúnað drengsins hafi hann verið í umsjá stefnanda, en stefnda hafi verið erlendis frá lokum febrúar og fram í júní. Stefnandi hafi sjálfur átt erfitt með að annast drenginn er stefnda var erlendis. Stefnandi hafi hins vegar tekið leiðbeiningum vel og bætt úr því sem þurfti að laga.

Fram kemur í matsgerðinni að í upphafi mats hafi stefnandi haldið því fram við matsmann að drengurinn vildi ekki vera hjá stefndu. Matsmaður segir að þetta hafi ekki verið í samræmi við það sem drengurinn hafi sjálfur sagt við matsmann í viðtali. Drengurinn hafi sagt að sér finnst „smá skemmtilegt“ að hitta stefndu og það besta við hana væri að leika við hana. Hann vildi helst að móðir hans væri íslensk. Spurður hvern hann vildi hafa með sér ef hann byggði á eyðieyju hafi hann fyrst valið stefnanda, síðan G systur sína og síðan stefndu. Að lokum hafi hann sagt að hann vildi hafa alla fjölskyldu sína á Íslandi og líka alla fjölskylduna sem hann eigi í [...]. Matsmaður telur þetta benda til þess að drengurinn vilji hafa stefndu í lífi sínu og sé henni ekki andsnúinn. Þá hafi tengslamat sýnt að drengurinn beri jákvæðar tilfinningar bæði til stefnanda og stefndu. Matsmaður telur að bæði viðtalið við drenginn og niðurstöður tengslamats endurspegli deilur foreldranna um hann. Hvorki matsmaður, stefnda, samþýlismaður hennar, umsjónarkennari drengsins né starfsmaður dægradvalar merki vanlíðan hjá drengnum eftir að hann fór í umgengni til stefndu. Einnig kemur fram í matsgerðinni að stefnandi hafi tekið upp tvö myndskeið þegar hann hafi sagt drengnum frá fyrirhugaðri helgarumgengni við stefndu. Fyrri myndskeiðið sýni drenginn segja að hann vildi ekki fara til stefndu yfir helgi. Stefnandi hafi þá sagt að drengurinn yrði ekki lengi, bara eina nótt, og drengurinn neitaði því. Stefnandi hafi þagað og upptöku verið lokið. Á síðara myndskeiðinu

eigi stefnandi samtal við drenginn og spyrji hvort það væri ekki í lagi að fara í helgarumgengni til stefndu en drengurinn hafi neitað. Stefnandi hafi ítrekað sagt að það yrði allt í lagi en drengurinn neitað. Stefnandi hafi aðeins sagt „hum“ þegar drengurinn hafi neitað. Upplifun matsmanns er að stefnandi bregðist í föðurhlutverki sínu þar sem hann tali ekki almennilega um fyrir drengnum. Stefnandi sé í það minnsta ósannfærandi þegar hann reyni að tala um fyrir drengnum. Matsmanni hafi svo borist annað myndskaið af stefnanda og drengnum í bíl eftir fyrstu umgengni við stefndu. Drengurinn hafi sagt að hann vildi ekki gista hjá stefndu og þegar stefnandi hafi innt hann eftir skýringu hafi hann sagt að honum finnst það ekki gaman. Stefnandi jánki og myndskaiðinu ljúki. Matsmaður telur að þarna bregðist stefnandi aftur í uppeldishlutverki sínu. Það líti út fyrir að hann vilji alfarið ráða því hvar og hvenær drengurinn umgangist stefndu og hann leggi sig ekki fram við að greiða götur mæðgnanna til að þau nái að verja tíma saman utan veggja heimilis stefnanda. Upptakan virðist endurspeglar það viðhorf stefnanda að stefnda sé óhæfur uppalandi.

Um aðstæður stefndu segir í matsgerðinni að hún sé í sambandi með I. Hún sé með skráð lögheimili að [...] en hafi dvalið ásamt I aðra hverja viku í sumarbústað sínum að [...] eða þegar hún hafi haft umgengni við drenginn, í 10 km fjarlægð frá [...]skóla. Hún sé að leita að íbúð á höfuðborgarsvæðinu og vilji bjóða drengnum að búa í nágrenni við grunnskóla. Hún hafi búið hér á landi frá 2016 en aðeins fengið dvalarleyfi í eitt ár í senn og því ekki fengið atvinnuréttindi hér á landi. Fjárhagsstaða hennar sé sterk en fjölskylda hennar í [...] eigi hótél og fleiri eignir þar. Matsmaður segir að stefnda hafi komið ágætlega fyrir í samskiptum við matsmann, brugðist vel við öllu sem að matinu snéri og ávallt verið samkvæm sjálfri sér í svörum.

Hvað varðar aðstæður drengsins segir matsmaður að félagslegur veruleiki hans sé ekki nógu góður þar sem heimili stefnanda og stefndu séu í sumarbústaðalöndum í [...], langt frá grunnskóla hans og mörgum bekkjarfélögum.

Um forsjárhæfni aðila segir í matsgerðinni að niðurstöður persónuleikaprófs gefi vísbindingar um siðblindu hjá stefnanda. Honum sé illa við reglur og mislíki að vera stjórnað af öðrum. Hann eigi erfitt með traust í nánnum samböndum og eigi það til að ráðskast með aðra. Hann hafi sterkar skoðanir, sé trúr sínum skoðunum og sé á móti yfirvaldi og kröfum samfélagsins. Félagsleg viðmið og gildi virðist hafa lítil áhrif á hann og hann hafi andfélagsleg viðhorf. Hjá stefndu komi fram sterkar varnir þegar hún svaraði prófinu og því þurfi að taka niðurstöðum með fyrirvara. Hún sé alin upp við búddisma og stíf mórölsk gildi og því líklegt að lífsspeki hennar hafi valdið hækkun á réttmætiskvörðum. Hún sé staðföst, ákveðin og með gott sjálfstraust. Hún aðhyllist félagsleg gildi og reglur samfélagsins og sé tilbúin til að lifa hefðbundnu fjölskyldulífi. Hún eigi gott með að treysta fólki og sé líkleg til að forðast áhættur og hættulegar aðstæður. Hún hegði sér vel siðferðislega en geti verið hvatvís í samskiptum. Hún geti átt það til að vera þver og bæla gjarnan neikvæðar tilfinningar. Hún sé almennt í andlegu jafnvægi.

Matsmaður kveður heildarútkomu á persónuleikaprófi vera ólíka hjá aðilum en það varpi kannski ljósi á þann vanda sem sé í þessu máli. Stefnandi hafi litla samúð með öðrum og eigi erfitt með að tengjast öðrum tilfinningaböndum. Honum mislíki að vera stjórnað af öðrum, eigi það til að ráðskast með aðra og virðist vera með andfélagsleg viðhorf. Stefnda aftur á móti aðhyllist félagsleg gildi og reglur samfélagsins. Hún treysti öðrum í blindni og trú á það góða í fólki. Hún aðhyllist stíf mórölsk gildi og sé mjög sanngjörn í siðferðislegum málum. Þetta samrýmist vel sögunni því samskipti aðila hafi verið erfið og margt bendi til að stefnandi hafi endurtekið gengið á bak orða sinna og brugðist stefndu á margan hátt. Dæmi um það sé þegar stefnandi hafi boðið stefndu upp á að búa með ungabarn þeirra í lítilli íbúð ásamt dætrum hans og heimilisdýrum. Eðlilegt sé að aðstæður hafi reynt á stefndu sem hafi verið nýflutt til landsins og eignast sitt fyrsta barn. Í viðtali matsmanns við stefnanda um þessi mál hafi verið greinilegt að hann sé ekki fær um að setja sig í spor stefndu og sjá hennar hlið á þessu máli. Þá hafi stefnandi ekki verið tilbúin til að standa við bakið á stefndu þegar á reyndi, eins og þegar foreldrar hennar voru að kveðja þessa jarðvist. Auk þess virðist stefnandi markvisst hafa haldið drengnum frá stefndu á undanförunum árum og umgengni verið háð duttlungum stefnanda. Þrátt fyrir að gerðir hafi verið umgengnissamningar hafi ekki verið farið eftir þeim. Einnig virðist stefnandi hafa villt um fyrir starfsfólki barnaverndar og starfsfólki grunnskóla drengsins með því að gefa í skyn að stefnda væri búsett í [...]. Þá virðist stefnandi hafa talað illa um stefndu

í eyru aðstoðarleikskólalastjóra. Þannig hafi honum tekist að halda stefndu frá drengnum og upplýsingum um hann, enda hafi starfsfólk staðið í þeirri trú að stefnandi færi einn með forræði drengsins. Einnig hafi stefnandi tilkynnt stefndu til barnaverndar fyrir að vanrækja drenginn og lýst því yfir að hún ætti við geðrænan vanda að stríða. Þá hafi stefnanda mátt vera fullljóst að það myndi reynast stefndu erfitt að keyra um hávetur frá Reykjavík til að hitta drenginn. Matsmaður kveðst einnig hugsja yfir því hvað hafi fengið drenginn til að trúá því að stefnda væri búsett í [...], en það hafi hann sagt við matsmann í fyrsta viðtalinu.

Matsmaður segir að báðir aðilar elski drenginn og séu færir um að sýna honum hlýju en á ólíkan máta. Í áhorfum matsmanns hafi komið fram að stefndu virðist samt að vera í mikilli sneringu við drenginn, t.d. með því að sitja við hlið hans, halda utan um hann og strjúka blíðlega. Stefnandi hafi hins vegar haldið sér í ákveðinni fjarlægð frá drengnum og virðist ekki samt að snerta drenginn mikið þó hann sinni honum vel. Þá segir matsmaður að ásakanir stefnanda um að stefnda hafi ekki eirð í sér til að svæfa drenginn fái ekki stuðning. Stefnda virðist öll af vilja gerð til að standa sig vel í móðurhlutverkinu og tekið vel ábendingum frá leikskóla. Báðir aðilar séu hæfir til að annast drenginn en það sé vítavert hvernig hann hafi þvælst inn í mál þetta. Drengurinn hafi m.a. orðið vitni að átökum milli aðila og að sögn stefnanda hafi stefnda endurtekið spurt drenginn hvar hann vilji búa. Þá sé ljóst af viðtölum matsmanns við stefnda og móður hans að þau séu saman í liði gegn stefndu. Stefnda sé að bæta sig í því að setja drengnum mörk og það megi vel vera að hún geti bætt foreldrahæfni sína en hún komi úr ólíkum menningarheimi. Það sé hins vegar ljóst að gefi stefnandi í skyn að stefnda búi erlendis og sýni henni sjálfur takmarkaða virðingu í viðurvist drengsins og sé ekki duglegur að tala máli hennar geti það litað hugarfar drengsins til stefndu. Upptökurnar frá stefnanda bendi til þess að hann leggi sig ekki fram við að kenna drengnum að þykja vænt um stefndu.

Matsmaður kveður að heimili aðila séu snyrtileg og barnvæn. Hefðbundnum heimilisstörfum virðist sinnt reglulega, s.s. eldamennsku og þrifum. Drengurinn sé snyrtilega klæddur og honum vel sinnt.

Þá segir matsmaður að vísbendingar komi fram á persónuleikaprófi um að stefnandi eigi við reiðivanda að stríða og það samrýmist frásögn stefndu. Stefnandi hafi viðurkennt fyrir matsmanni að hann sé stundum of hastur við drenginn og eitt sinn hafi hann rassskellt drenginn. Prófið sýni einnig að stefnandi hafi litla samúð með öðrum og sé líklegur til að ráðskast með aðra. Því óttist matsmaður að stefnandi haldi áfram að halda drengnum frá stefndu. Stefnda sýni hins vegar í orði og í verki að henni sé umhugað um að aðilar séu vinir og standi saman í uppeldinu.

Um örvun og hvatningu við drenginn segir matsmaður að stefnda kenni drengnum [...] og kynni hann fyrir [...] menningu og þjóð og að þekkja ættingja sína í [...]. Stefnda þurfi hins vegar að leggja sig meira fram við að læra íslensku. Stefnda sé umhugað um að kenna drengnum íslenska sögu og virðist duglegur að fræða drenginn. Hann sinni vel heimanámi drengsins en sé ekki nógu meðvitaður um mikilvægi þess að drengurinn fái tækifæri til að leika við krakka eftir skóla og efla félagsþroska sinn. Stefnda hafi áhyggjur af þessu en stefnandi virðist ekki hafa slíkar áhyggjur. Matsmaður telur að stefnda hafi eitthvað til síns máls því drengurinn sé að komast á þann aldur að leikur við jafnaldra utan skólatíma fari að skipta meira máli.

Einnig segir matsmaður að stefnandi hafi ekki skilað tilskildum pappírnum svo drengurinn geti fengið talþjálfun og það sé skýrt dæmi um að hann eigi erfitt með að setja sig í spor drengsins. Þá telur matsmaður að báðir aðilar séu hæfir til að kenna drengnum góða mannasiði og samskipti. Margt bendi hins vegar til þess að stefnandi virðist leyfa sér að fara á svig við lögin og geti því vart talist að öllu leyti uppbyggileg fyrirmynd.

Matsmaður telur forsjárhæfni beggja aðila vera góða. Það sé hins vegar mjög alvarlegt hvernig staðan sé í dag og ljóst að drengurinn sé að verða fyrir skaða en hann sé í mikilli klemmu og hræddur við að tjá hug sinn. Þá skerði það foreldrahæfni stefnanda að hafa ekki sett þarfir drengsins fram yfir eigin þarfir og skilað inn gögnum til að hægt væri að sækja um talþjálfun fyrir drenginn. Stefnandi virðist ekki gera sér grein fyrir alvöru málsins og það sé skýr vísbending um að stefnandi eigi erfitt með að setja sig í spor drengsins, sem matsmaður telur skerða foreldrahæfni stefnanda.

Um tengsl drengsins við aðila segir matsmaður að drengurinn sé tengdur báðum aðilum. Í huga drengsins sé stefnandi besta manneskjan í öllum heiminum og honum líði vel með honum. Matsmaður

telur vísbendingar um innri togstreitu hjá drengnum í garð stefnanda því hann hafi ekki fengist til að klára setninguna: „Þegar ég er með pabba mínum ...“. Tilfinningalegt samband og tengsl stefnanda við drenginn virðist vera mjög náið en stefnandi þurfi að vinna mikið og njóti aðstoðar móður sinnar og dætra við uppeldið á drengnum.

Áhorfsathugun matsmanns á samskiptum drengsins og stefndu virðist benda til þess að þeim líði vel saman en matsmaður telur að einhver togstreita virðist vera innra með drengnum í garð stefndu. Samkvæmt upplýsingum stefndu hafi drengurinn átt það til að meiða hana en með hjálp sambýlismanns hennar sé drengurinn farinn að láta af þessari hegðun og bera meiri virðingu fyrir henni. Tilfinningalegt samband og tengsl stefndu við drenginn virðist vera mjög náið en litist af takmarkaðri umgengni hennar við drenginn, en samkvæmt henni hafi stefnandi lengi tálmað umgengni við drenginn og talað neikvætt um hana fyrir framan drenginn, eins og að segja hana heimska og ekki góða móður.

Matsmaður bendir á að þegar hún hafi komið að málinu hafi drengurinn ekki haft reglulega umgengni við stefndu í langan tíma. Þess í stað hafi stefnda fengið að heimsækja þá feðga upp í [...] þegar stefnanda hentaði og engin regla verið þar á. Matsmaður segir jafnframt að það virðist sem stefnanda, móður stefnanda og dætrum hans sé mikið í nöp við stefndu og þau reyni að halda henni frá drengnum. Ekki sé hægt að ætla annað en að drengurinn sé meðvitaður um hug þeirra í garð stefndu og sé því hikandi við að tjá tilfinningar sínar í garð hennar. Ágreiningur og erjur milli foreldra geti haft gríðarlega mikil neikvæð áhrif á líðan og hegðun barna og valdið miklu álagi og streitu. Drengurinn hafi verið mun jákvæðari í garð stefndu í viðtali við matsmann en stefnandi hafi haldið fram. Drengurinn hafi hins vegar í síðasta viðtali matsmanns við drenginn sagst bara vilja vera hjá stefndu aðra hverja helgi, nákvæmlega eins og stefnandi hafi sagt í síðasta viðtali hjá matsmanni. Matsmaður kveðst leyfa sér að efast um að barn í 1. bekk búi yfir vitsmunalegri getu til að koma hjálparlaust með svona úthugsað fyrirkomulag. Telur matsmaður líklegt að stefnandi hafi lagt drengnum orð í munn hvað þetta varðar og að hann vilji þóknast stefnanda. Sé allrar sanngirni gætt geti matsmaður ekki svarað því hver afstaða drengsins sé til búsetu og umgengni.

Varðandi umgengni drengsins við það foreldri sem fái ekki forsjá segir matsmaður að uppeldisaðstæður drengsins séu að mörgu leyti góðar hjá báðum aðilum. Ekkert sé út á aðbúnað drengsins að setja. Engu að síður sé málið í algjörum hnút. Stefnandi vilji að drengurinn hafi lögheimili hjá sér og fari einungis í umgengni til stefndu aðra hverja helgi. Þá gefi hann ekki samþykki fyrir að stefnda ferðist með drenginn erlendis. Stefnda hafi aftur á móti sýnt meiri samstarfsvilja og sé tilbúin að samþykkja viku og viku skipti. Aðilar hafi staðið í deilum frá meðgöngu og samvinna þeirra sem foreldrar drengsins einkennst af miklu vantrausti, togstreitu og ásökunum á báða bóga. Erfitt sé að henda reiður á sannleikanum í ýmsu en það sé ljóst að samvera drengsins við stefndu hafi verið takmörkuð frá seinni hluta árs 2021 og aðstæður þannig að stefnandi hafi haft drenginn alfarið hjá sér. Stefnandi virðist hafa lagt lítið af mörkum til að stuðla að tengslum drengsins og stefndu, auk þess sem hann hafi innrætt starfsfólki leikskóla og grunnskóla neikvætt viðhorf í garð stefndu og jafnvel hjá drengnum. Þá virðist ásakanir stefnanda um skerta foreldrahæfni stefndu byggðar á veikum grunni.

Matsmaður telur að þar sem stefnandi hafi verið erfiður í samvinnu við stefndu nánast frá fæðingu drengsins og virðist hafa gengið ansi langt í að reyna að nánast útiloka hana úr lífi drengsins séu miklar líkur á að stefnandi haldi því áfram ef lögheimili drengsins verði hjá stefnanda og forsjá sameiginleg. Matsmaður telur því farsælast fyrir drenginn að lögheimili hans verði skráð hjá stefndu. Hún hafi góðar aðstæður til að ala upp drenginn, hafi mikinn tíma til að sinna honum og mikla löngun til að vera þátttakandi í lífi hans. Þá séu góð tengsl milli stefndu og drengsins og hún virðist búa yfir góðri foreldrafærni. Einnig sé stefndu umhugað um að vera í góðum samskiptum við stefnanda og vilji vera í samvinnu við hann í uppeldi á drengnum en slíkt sé ekki gagnkvæmt hjá stefnanda. Fái stefnda lögheimilið sé eðlilegast að drengurinn fari í reglulega umgengni til stefnanda. Matsmaður óttist hins vegar að raunverulegur friður komist ekki á í lífi drengsins verði honum gert að vera viku í senn hjá hvoru foreldri. Til þess sé stefnandi alltof afhuga stefndu.

V.

Í yfirmatsgerð E sálfræðings og F geðlæknis, dags. 26. febrúar 2024, kemur fram að yfirmatsmenn áttu viðtöl við aðila. Einnig hafi mót verið lögð fyrir aðila, þ.e. DASS kvarði sem meti einkenni þunglyndis, kvíða og streitu, PCL-5 sjálfsmatskvarði og SDQ spurningalisti ætlaður fagfólki á heilbrigðissviði til að skima fyrir tilfinninga- og hegðunarvandkvæðum hjá börnum á aldrinum 5-16 ára. Einnig hafi verið gerð skoðun á heimilisaðstæðum aðila og samskiptum við drenginn. Viðtöl við drenginn hafi farið fram á heimilum aðila. Einnig hafi verið aflað upplýsinga frá skóla, sambýlismanni stefndu og hálf systur drengsins.

Í samantekt og niðurstöðum matsmanna segir um aðstæður aðila að stefnandi búi í sumarhúsi/heilsárshúsi í [...] en sé skráður í ótilgreindu húsi með póstnúmer 276 Mosfellsbæ. Almenn megi segja að stefnandi sé við góða líkamlega og andlega heilsu, lifi reglusömu lífi, stundi vinnu og sé í góðum tengslum við fjölskyldu og vini.

Stefnda sé skráð með heimilisfang að [...] í Reykjavík en búi einnig í íbúð kærasta í [...] í Reykjavík. Svör stefndu hvað þetta varðar hafi þó verið óljós þar sem hún hafi sagst vera helming tímans í sumarbústað að [...] og helming tímans í [...] en einnig hafi hún sagst búa á [...]. Stefnda eigi einhverja vini hér á landi. Hún eigi fjölskyldu í [...] sem hún sé í reglulegu og góðu sambandi við. Stefnda tali enga íslensku og mjög slaka ensku. Í viðtölum við hana hafi hún oft virkað óðamála, talað mjög mikið og virkað spennt. Einbeiting hafi virkað mjög slök og erfitt að halda henni frá símanum. Hún hafi oft svarað öðru en því sem hún hafi verið spurð um og erfitt að fá skýr og hnitmiðuð svör frá henni. Einhver vandi virðist vera í hugarstarfi stefndu sem tengist hvatastjórnun og einbeitingu. Almenn sé stefnda reglusöm, stundi vinnu, sé virk og heilsuhraust og í góðum tengslum við fjölskyldu sína.

Þá segir í yfirmatsgerð að drengurinn búi aðra hverja viku hjá stefnanda að [...] en hina vikuna hjá stefndu. Samkvæmt stefndu séu þau helming tímans í [...] og helming tímans í [...]. Kærasti stefndu segi þau þó alltaf vera með drenginn í [...]. Þannig sé þetta óljóst en það sé þó að einhverju leyti skiljanlegt því þau hafi nýlega flutt í [...].

Drengnum gangi vel námslega og félagslega. Aðilar sinni bæði vel heimanámi hans. Drengurinn eigi vini en fyrir jól hafi virst vera ákveðið einelti í gangi en vel verið tekið á því. Þá taki kennari ekki eftir neinum breytingum á líðan og hegðun drengsins eða varðandi aðbúnað eftir því hjá hvorum aðila hann sé. Drengurinn eigi vini í skólanum sem hann hitti stundum eftir skóla. Stefnandi vilji að drengurinn verði áfram í sama skóla en stefnda vilji að hann fari í skóla í Reykjavík. Óvíst sé hvar stefnda ætli að búa og þá í hvaða skóla drengurinn færi. Báðir aðilar tali um að drengnum líði ekki vel hjá hinum aðilanum.

Yfirmatsmenn segja að þeir geti að hluta verið sammála því sem segir í undirmati um að drengurinn sé tengdur báðum aðilum, helst stefnanda en að það sé togstreita í honum varðandi báða foreldra. Í niðurstöðum undirmats sé því miður ekkert minnst á ferðalög stefndu og fjarveru frá drengnum. Yfirmatsmenn telja ljóst að framtensl stefndu og drengsins hafi verið rofin þegar hún fór til [...] í nokkra mánuði þegar drengurinn var um [...] vikna gamall. Hún hafi aftur farið til [...] frá drengnum snemma árs 2018 þegar drengurinn hafi verið nýorðinn eins árs. Hún hafi enn farið til [...] í nokkra mánuði í desember 2019 til 2020, þegar drengurinn hafi verið tveggja ára. Á þessum tímabilum hafi það verið stefnandi sem drengurinn hafi myndað sterkustu tengslin við. Í samtölum yfirmatsmanna við stefnanda hafi hann sagt að stefnda hafi farið í fleiri ferðir og verið að koma á heimilið og fara. Þetta sé staðfest af systur drengsins og föðurömmu hans. Ekki hafi verið hægt að fá skýr svör frá stefndu varðandi ferðalög hennar þrátt fyrir að yfirmatsmenn hafi beðið um það ítrekað. Varðandi niðurstöður Bene-Anthony tengslaprófs í undirmati segja yfirmatsmenn að þeir furði sig á þeirri ályktun matsmanns að það sé innri togstreita hjá drengnum þar sem hann hafi ekki fengist til að klára setninguna: „Þegar ég er með þessa mínum ...“. Drengurinn hafi ítrekað gefið svör sem sýni að hann eigi í sterkustum tengslum við stefnanda og í raun engar vísbendingar um togstreitu drengsins við stefnanda. Þetta sama hafi komið fram í viðtölum við drenginn í yfirmati, þ.e. að hann vilji helst vera meira hjá stefnanda og minna hjá stefndu. Í ljósi viðtala yfirmatsmanna við aðila, drenginn, skóla, kærasta stefndu, systur drengsins, móðurömmu og gagna málsins telja yfirmatsmenn að tengsl drengsins séu betri við stefnanda en stefndu. Tengsl við stefndu séu skert vegna fjarveru hennar úr lífi drengsins á viðkvæmum þroskaskeiðum og óstöðugleika í búsetumálum.

Þá séu sterkar vísbendingar um að stefnda hafi átt erfitt með umönnun drengsins, ekki kunnað nægjanlega að sinna barni og ábyrgðin því að mestu verið hjá stefnanda sem hafi alla tíð verið aðalumönnunaraðili drengsins.

Hvað varðar niðurstöðu undirmats um forsjárhæfni aðila gera yfirmatsmenn ákveðnar athugasemdir við framkvæmd undirmats, túlkun á gögnum og prófum og ályktanir sem matsmaður setji fram. Yfirmatsmenn telja undirmatsmann ekki notast við þau gögn sem liggi fyrir í málinu í niðurstöðum sem sýni veikleika stefndu en áhersla sé á að nota þau gögn sem sýni veikleika stefnanda. Í undirmati sé ekki nefnt að kærasti stefndu hafi verið með í viðtölum og ekki nefnt að mjög erfitt sé að skilja stefndu á ensku. Þá nefni matsmaður ekki erfiðleika við að fá skýr svör frá stefndu en mikill misskilningur geti skapast í samtölum við hana. Þá sé ekkert minnst á að stefnda stefni á að búa í [...] hálfri árið sem hafi áhrif á alla framtíð drengsins. Þessi viðhorf stefndu hafi ítrekað komið fram, í gögnum frá barnavernd og í viðtölum við yfirmatsmenn. Í niðurstöðum matsmanns sé lögð áhersla á að í eldri gögnum komi fram að leikskólinn hafi þurft að leiðbeina stefnanda, m.a. varðandi bílstól o.fl. Ekkert sé þó minnst á vangetu stefndu varðandi almenna umsjá drengsins og þekkingarleysi á umönnun barna eða almennum heimilisstörfum. Þá minnst matsmaður í sínum niðurstöðum ekki á ferðalög stefndu frá drengnum á viðkvæmum þroskaskeiðum og að hún hafi ekki mætt með drenginn í nokkra mánuði á leikskóla frá 2020-2021. Matsmaður reikni 25 vikur en yfirmatsmenn reikni 32 vikur á tímabilinu febrúar 2020 til mars 2021, eða um átta mánuði í fjarveru. Þá leggi matsmaður mikið vægi á að stefnandi hafi reynt að blekkja matsmann um fjarveru í stað þess að horfa á megin vandann, að stefnda hafi ekki mætt með drenginn í leikskólann í marga mánuði.

Yfirmatsmenn gera einnig athugasemdir við að stefnda hafi verið látin taka persónuleikapróf (MMPI-2) sem samanstandi af 567 spurningum. Stefnda, sem tali og skilji takmarkaða ensku, hafi verið látin fylla út prófið á ensku með aðstoð Google translate yfir á [...]. Þá séu gerðar athugasemdir við ranga túlkun matsmanns á MMPI-2 prófinu. Yfirmatsmenn telja ljóst af svörum stefndu að prófið sé ógilt. Stefnda sé með hækkun á kvörðum sem meti fegur og afneitun á neikvæðum eiginleikum. Niðurstöður séu það skekktar að ekki hefði átt að túlka prófið frekar vegna mikilla varna á prófinu. Stefnda sé ekki með „kóðatýpu 5/1“ eins og matsmaður haldi fram. Jákvæð túlkun sé síðan gerð út frá þessu sem sýni mjög góða eiginleika stefndu og því gefið mikið vægi þó það séu engar forsendur fyrir því á prófinu.

Jafnframt gera yfirmatsmenn athugasemdir við túlkun á MMPI-2 prófíl stefnanda. Kvarði sem stefnandi skori á sé innan meðallags og niðurstaða um að hann sé líklegur til að sýna af sér óæskilega hegðun, löglega og ólöglega, sé oftúlkaður og aðrir undirkvarðar oftúlkaðir á neikvæðan hátt sem eigi sér enga stoð í túlkun prófsins, eins og að stefnandi hafi andfélagsleg viðhorf. Þessar niðurstöður séu síðan ítrekað notaðar til að sýna fram á neikvæð persónueinkenni stefnda og jákvæð persónueinkenni stefndu.

Yfirmatsmenn segja að þeir séu vissulega sammála því að stefnandi gefi dökka mynd af stefndu og en matsmaður minnst ekkert á að stefnda geri það sama, en hún ásaki stefnanda um líkamlegt og andlegt ofbeldi, fjárkúgun/fjársvik, kynferðislegt ofbeldi, tálmun, skjalafals o.fl.

Einnig gera yfirmatsmenn athugasemdir við umfjöllun í undirmati um aðstæður aðila. Sá kafli fari að mestu í að tiltaka það helsta neikvæða um stefnanda en ekkert í raun fjallað um stefndu annað en jákvæða hluti. Í raun sé mjög takmarkað minnst á styrkleika stefnanda og nær ekkert fjallað um veikleika stefndu, hlutum sem komi ekki vel fyrir stefndu sé sleppt og ekki fjallað um það í niðurstöðum. Þá sé stefnandi sagður ljúga um vilja drengsins. Stefndu hafi verið hans aðalumönnunaraðili og eðlilegt að drengurinn vilji vera meira hjá honum. Þessu lýsi drengurinn sjálfur og það komi fram í tengslamati. Í matinu sé ítrekað verið að setja fram staðhæfingar um stefnanda sem engin rök séu fyrir, m.a. að hann sé með andfélagsleg viðhorf eða fari á svig við lög sem yfirmatsmenn sjái hvergi koma fram. Þá eigi það sér enga stoð að stefnandi hafi litla samúð með öðrum eða eigi erfitt með að tengjast öðrum tilfinningaböndum, enda sé hann mjög tengdur fjölskyldu sinni.

Yfirmatsmenn telja ljóst að stefnandi hafi sína veikleika. Hann búi nokkuð langt frá skóla og ekki sé auðvelt að fara á milli, m.a. á veturna. Þá eru yfirmatsmenn sammála því sem segir í undirmati um að stefnandi hafi neikvæð viðhorf í garð stefndu og dragi upp dökka mynd af henni. Hann eigi sögu um aðlögunarerfiðleika í æsku, hegðunarvanda og misnotkun áfengis og vímuefna en það hafi verið fyrir

þremur áratugum síðan. Hann hafi átt við þunglyndi að etja á tímabilum en hafi leitað sér aðstoðar. Styrkleikar stefnanda séu að hann sé góð fyrirmynd fyrir drenginn, sé reglusamur, stundi vinnu og rækti vel tengsl við fjölskyldu og vini. Þá hafi hann sinnt drengnum frá upphafi og að mestu séð um allt sem viðkomi drengnum frá því hann var lítill. Mjög góð tengsl séu milli drengsins og stefnanda og hann elski drenginn. Ekkert hafi komið fram í viðtölum yfirmatsmanna sem staðfesti að stefnandi hafi slíka eiginleika sem komi fram í undirmati sem segi að hann sé andfélagslegur, tengist ekki tilfinningalega öðrum, fari á svig við lög eða sannleikann. Yfirmatsmenn telja því að forsjárhæfni stefnanda sé góð.

Yfirmatsmenn telja helstu veikleika stefndu vera að hún hafi farið frá drengnum á viðkvæmum þroskaskeiðum hans og því hafi myndast óörugg tengsl hans við stefndu. Hún hafi sýnt ákveðna hvatvísi, bæði í viðtölum við matsmenn og það komi einnig fram í gögnum málsins. Stefnda hafi gefið óljósa mynd af búsetu sinni og sérstakar áhyggjur séu af fyrirætlun hennar um að búa hálf tónni í [...] með drenginn. Þá séu áhyggjur af því að stefnda ætli að taka drenginn úr núverandi skólaumhverfi og hafi ekki getað sagt hvar hann eigi að vera í skóla. Þá hafi komið fram að stefnda hafi litla kunnáttu við heimilisstörf, eins og að elda, þvo þvott og annað þrátt fyrir að hún segist gera allt sjálf. Þá hafi verið áhyggjur af kunnáttu stefndu hvað varði almenna færni í uppeldinu en þetta virðist þó hafa gengið betur eftir að hún eignaðist kærasta. Fjármál og atvinna stefndu séu óljós. Stefnda hafi neikvæð viðhorf í garð stefnanda, eins og hann í hennar garð, og telji m.a. að hann elski ekki drenginn. Þá sé stefnda mjög afneitandi á veikleika sína og virðist almennt neita öllum vandamálum bæði á prófum og í viðtölum. Styrkleikar stefndu felist í því að hún eigi húsnæði og sé núna í öruggu húsnæði kærasta. Þá hafi hún góð tengsl við fjölskyldu sína og vilji tengja drenginn við hana, [...] menningu og tungumál. Þá hafi stefnda sinnt skólamáli með aðstoð kærasta og keyrt á [...] til að ná í og skutlast þrátt fyrir að vera óörugg og sjá illa í myrkri. Hún vilji því vera með drengnum og sinna honum. Hún sé alúðleg við drenginn, elski hann og vilji hugsa um hann eins vel og hún geti. Stefnda sé almennt kurteis og hafi verið í góðri samvinnu við yfirmatsmenn. Þá sé hún reglusöm, orkumikil og dugleg að kynna drenginn fyrir nýjum hlutum og gera ýmislegt með honum. Yfirmatsmenn telja hins vegar að þrátt fyrir góða styrkleika þá hafi stefnda skerta forsjárhæfni. Sérstakar áhyggjur séu af óskynsamlegum eða óskýrum áætlunum varðandi búsetu og framtíð drengsins, skertum tengslum við drenginn vegna ferðalaga frá honum á viðkvæmum þroskaskeiðum og vegna þess að stefnda hafi ítrekað verið tvísaga um veigamikil atriði varðandi uppeldi, eigin aðstæður, getu og samskipti við stefnanda. Forsjárhæfni stefndu sé í raun í lagi núna meðan hún sé í sambandi og fái stuðning þaðan en óvíst sé hvort hún myndi ráða ein við uppeldi drengsins án stuðnings og leiðbeininga.

Niðurstaða yfirmatsmanna er að hagsmunum drengsins sé best borgið að eiga lögheimili hjá stefnanda sem hafi verið aðalummönnunaraðili drengsins frá upphafi. Svör stefndu varðandi framtíðar búsetu hafi verið óljós og sérstakar áhyggjur séu af því að hún hafi talað um að búa hálf tónni í [...]. Stefndi sé einnig metinn með betri forsjárhæfni en stefnda, hann bjóði upp á stöðugleika og styðji við tengsl drengsins við föðurfjölskyldu. Hann hafi verið eins og klettur fyrir drenginn og sinnt öllum hans praktísku og tilfinningalegu þörfum. Stefnda virðist hins vegar reiða sig á kærasta og stuðning hans og alls óvíst hvernig hennar staða verði ef það samband gangi ekki.

Hvað varðar afstöðu drengsins til búsetu og umgengni segir í yfirmatsgerð að í undirmati komi fram að matsmaður treysti sér ekki til að svara þessari spurningu. Þegar yfirmat hafi verið gert hafi drengurinn verið til jafns hjá báðum aðilum og einnig hafi verið rætt við drenginn bæði á heimili stefndu og á heimili stefnanda til að gæta jafnræðis. Drengurinn hafi verið skýr um að vilja vera meira hjá stefnanda en stefndu. Einnig hafi komið fram að hann vildi ekki fara í ferð til [...] þar sem hann myndi sakna stefnanda. Yfirmatsmenn túlki því ekki það sem drengurinn segir sem innprentun frá stefnanda heldur að drengurinn hafi sterkustu tengslin við hann og að hann hafi verið til staðar fyrir hann.

Yfirmatsmenn segja að þeir séu ósammála því sem segir í undirmati um að þar sem stefndi hafi verið erfiður í samvinnu við stefndu og gengið ansi langt í að útiloka hana úr lífi drengsins séu miklar líkur á að hann haldi því áfram ef lögheimili verði hjá stefnanda og forsjá verði áfram sameiginleg. Yfirmatsmenn sjái ekki hver rökstuðningurinn sé við þessari fullyrðingu. Mögulega hafi báðir aðilar að einhverju leyti hindrað aðgang drengsins að hinum aðilanum. Yfirmatsmenn segja að þeir taki því ekki beina afstöðu varðandi fyrri tálmun en staðan sé sú að báðir aðilar hafi lýst vilja til að viðhalda tengslum

drengsins við hitt foreldrið. Yfirmatsmenn telji að báðir aðilar hafi nú sýnt vilja til að eiga í góðum samskiptum hvort við annað. Yfirmatsmenn séu alls ekki sammála álitum matsmanns í undirmati um að stefnandi hafi lítið lagt af mörkum til að stuðla að tengslum drengsins við stefndu. Umgengni hafi verið vika og vika eftir að stefnda byrjaði í sambandi við kærasta og það virðist hafa haft góð áhrif og bætt hæfni hennar til að sjá um drenginn. Í raun hafi þetta gengið ágætlega eins og staðan sé núna. Yfirmatsmenn telji því að báðir aðilar muni stuðla að eðlilegum tengslum drengsins við hinn aðilann en áhyggjur séu af búsetumálum stefndu.

Yfirmatsmenn telja að það beri að hlusta á vilja drengsins og hafa í huga hvar hann hafi verið mestallt sitt líf og hvar sterkustu tengslin séu. Ef aðilar geti samið um viku og viku fyrirkomulag sé það gott en ef ekki mælist yfirmatsmenn til að drengurinn verði meira hjá stefnanda og fari í ríflega umgengni til stefndu.

VI.

Samkvæmt 2. mgr. 34. gr. barnalaga nr. 76/2003, með áorðnum breytingum, kveður dómari á um hvernig lögheimili verði háttað eftir því sem barni er fyrir bestu. Dómari lítur m.a. til hæfis foreldra, stöðugleika í lífi barns, tengsla barns við báða foreldra, skyldu þeirra til að tryggja rétt barnsins til umgengni, hættu á að barnið, foreldri eða aðrir á heimili barnsins hafi orðið eða verði fyrir ofbeldi og vilja barns að teknu tilliti til aldurs og þroska.

Í 3. mgr. 34. gr. segir að dómari geti ákveðið að annað foreldra fái forsjá barns. Þá getur dómari ákveðið að kröfu foreldris að forsjáin verði sameiginleg ef dómari telur þær aðstæður fyrir hendi að slíkt geti þjónað hagsmunum barnsins. Ef dómari dæmir sameiginlega forsjá ber jafnframt að kveða á um hjá hvoru foreldra barn skuli eiga lögheimili.

Þá segir í 4. mgr. 34. gr. að við mat á því hvort forsjá skuli vera sameiginleg beri dómara, auk atriða sem nefnd eru í 2. mgr., að taka mið af því hvort forsjáin hafi áður verið sameiginleg og aldri og þroska barns. Þá beri sérstaklega að líta til þess hvort ágreiningur eða samskipti foreldra séu líkleg til að koma í veg fyrir, hindra eða draga úr möguleikum barns til að alast upp við þroskavænleg skilyrði. Í lögskýringargögnum sem fylgdu frumvarpi til laga nr. 61/2012 um breytingu á barnalögum, þar sem heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá var lögfest, er viðurkennt að þótt ganga verði út frá því að gott samstarf sé alla jafna forsenda þess að sameiginleg forsjá verði dæmd kunní slík forsjá engu að síður að eiga rétt á sér þótt foreldrar séu ekki sammála um allt er viðkemur lífi barnsins og jafnvel þótt ágreiningur á milli þeirra sé slíkur að þeir þurfi á aðstoð að halda við að leysa úr honum. Er jafnframt tekið sérstaklega fram að heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá kunní að hafa jákvæð áhrif á samstarfsvilja foreldra og að sameiginleg forsjá sé almennt til þess fallin að hvetja til aukinnar samábyrgðar og þátttöku beggja foreldra og auka líkur á tengslum barns við þá báða.

Samkvæmt 5. mgr. 34. gr. ber dómara að kröfu annars foreldris eða beggja að kveða á um meðlag í dómi, sem og um inntak umgengnisréttar barns og foreldris og kostnað vegna umgengni, hafi sátt ekki tekist um þessi efni, enda hafi krafa um það verið gerð í stefnu eða greinargerð stefnda.

Einnig ber dómimum við úrlausn máls þessa að horfa til 2. mgr. 1. gr. barnalaga nr. 76/2003 þar sem mælt er fyrir um að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir um málefni þess. Í 1. mgr. 3. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 20. nóvember 1989, sem veitt var lagagildi með lögum nr. 19/2013, er jafnframt kveðið á um að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn. Þá nýtur sú grunnregla barnaréttar að hagsmunir barna skuli hafðir í fyrirrúmi, eftir því sem velferð þeirra krefst, verndar samkvæmt 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, sbr. lög nr. 33/1944. Þannig ber dómara ávallt að leysa úr máli með hliðsjón af því sem er barni fyrir bestu. Dómara ber jafnvel að synja foreldrum um dómsátt ef hún er andstæð hag og þörfum barns eða ef hún er andstæð lögum, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 34. gr. barnalaga nr. 76/2003.

VII.

Í máli þessu liggur fyrir undir- og yfirmat. Undirmat var stefndu fremur hagfellt, matsmaður telur báða aðila hafa góða forsjárhæfni en það sé farsælast fyrir drenginn að lögheimili hans verði hjá stefndu. Yfirmatsmenn gera hins vegar athugasemdir við framkvæmd undirmats, túlkun á gögnum og prófum og ályktanir matsmanns. Yfirmatsmenn telja forsjárhæfni stefndu skerta og að það sé best fyrir hagsmuni drengsins að eiga lögheimili hjá stefnanda.

Nánar tiltekið gera yfirmatsmenn athugasemdir við undirmat hvað varðar niðurstöður persónuleikaprófa aðila (MMPI-2). Undirmatsmaður tekur sjálfur sérstaklega fram í matsgerð að taka verði niðurstöðum stefndu með fyrirvara. Dómurinn tekur undir með yfirmatsmönnum að niðurstöður úr prófi stefndu hafi verið ógildar. Þá verður að taka undir athugasemdir yfirmatsmanna hvað varðar niðurstöður prófs stefnanda. Stefnandi hefur átt sögu um hegðunarvanda, misnotkun áfengis og kannabisneyslu en það var fyrir áratugum síðan. Hann hefur verið reglusamur lengi, stundað vinnu og átt í nánnum tengslum við fjölskyldu sína. Það liggur heldur ekkert fyrir um að hann fari á svig við lög.

Þegar litið er til undirmatsgerðar í heild sinni er niðurstaða hennar ekki aðallega byggð á niðurstöðum persónuleikaprófs, neikvæðum eiginleikum stefnanda og jákvæðum eiginleikum stefndu. Undirmatsmaður skýrði þetta jafnframt í vitnisburði sínum við aðalmeðferð málsins. Niðurstaða í undirmati er einkum byggð á því að stefnandi hafi verið erfiður í samvinnu við stefndu og að hann virðist hafa gengið ansi langt í að nánast útiloka hana úr lífi drengsins. Undirmatsmaður telur því miklar líkur á að stefnandi haldi því áfram ef forsjá verður sameiginleg og lögheimili drengsins hjá stefnanda. Það sé því farsælast að lögheimili drengsins verði hjá stefndu.

Ljóst er að stefnandi er mjög neikvæður í garð stefndu og dregur upp dökka mynd af henni. Það virðist sem stefnda hafi þegar drengurinn fæddist haft litla kunnáttu í að sinna börnum eða heimilisstörfum. Þá virðist sem stefnandi hafi ekki stutt hana nægilega vel í erfiðum aðstæðum. Samkvæmt öllu því sem fram hefur komið í málinu er stefnda hins vegar hlý og góð við drenginn og hefur tekið allri leiðsögn vel. Ekki verður annað ályktað af fyrirliggjandi matsgerðum en að hún sinni drengnum vel og haldi snyrtilegt heimili. Þannig hafi orðið jákvæðar breytingar á færni stefndu í foreldrahlutverkinu.

Fyrir liggur að stefnda fór til [...] í janúar 2017, þegar drengurinn var [...] vikna, en það var vegna sérstakra aðstæðna, þegar faðir hennar dó. Stefnda dvaldi í [...] fram í apríl sama ár. Stefnda segir að stefnandi hafi lofað að koma út með drenginn en ekki staðið við það. Þá lýsti stefnda því við undirmatsmann að hún hafi farið aftur til [...] í lok febrúar 2018 vegna erfiðra aðstæðna á heimili stefnanda. Stefnandi hafi lofað að koma út með drenginn í marsmánuði en ekki staðið við það. Stefnda hafi komið aftur til Íslands í júní það ár. Þá liggur fyrir að stefnda fór aftur til [...] á árinu 2019, um sumarið, þar sem móðir hennar átti stutt eftir ólifað og hún tók drenginn með sér. Stefnandi heldur því fram að stefnda hafi farið með drenginn án samþykkis hans en stefnda mótmælir því. Stefnda segir að það hafi verið í fullu samráði við stefnanda og fyrirliggjandi samskipti aðila í júní 2019 styðja þá frásögn hennar. Móðir stefndu lést 28. [...] ágúst 2019. Stefnandi fór til [...] í september 2019 og liggur fyrir að hann fór með drenginn aftur til Íslands án samþykkis og samráðs við stefndu. Stefnda mun hafa komið aftur til landsins snemma árs 2020. Þessar fjarvistir stefndu frá drengnum á ungum aldri hans hafa eflaust haft áhrif á tengslamyndun þeirra. Samkvæmt bæði undirmati og yfirmati eru tengsl drengsins við stefndu hins vegar góð, en dómurinn tekur undir það með yfirmati að drengurinn eigi í sterkari tengslum við stefnanda en stefndu.

Það hefur einnig haft áhrif á tengslamyndun drengsins við stefndu að hún fékk ekki reglulega umgengni við hann frá árinu 2021 og þar til undirmatsmaður kom að málinu, en það var í janúar 2023. Stefnandi hefur gefið þá skýringu á því að stefnda naut lengi ekki reglulegrar umgengni við drenginn, heldur aðeins á heimili hans og eftir ákvörðun hans, að drengurinn hafi alls ekki viljað fara til stefndu. Þegar á reyndi virðist það hins vegar hafa gengið vel og núverandi fyrirkomulag um viku og viku umgengni í raun reynst vel. Af þessu og því sem fram kemur í gögnum málsins verður ekki önnur ályktun dregin en að stefnandi hafi ekki lagt sig fram við að stuðla að umgengni og tengslum við stefndu og í reynd tálmað umgengni hennar við drenginn, sem gengur gegn hagsmunum drengsins. Að þessu leyti eru skiljanlegar áhyggjur stefndu af því að stefnandi muni tálma umgengni drengsins við hana verði forsjá sameiginleg og lögheimili drengsins hjá stefnanda. Stefnda hefur hins vegar sjálf hindrað aðgang að drengnum, en háttsemi

hennar virðist hafa einkennst af ákveðnu úrræðaleysi og örvæntingu. Þá virðast báðir aðilar hafa blandað drengnum í deilur sínar og það greinilega valdið honum togstreitu og andlegri vanlíðan. Er þetta ámælisvert og beinlínis skaðlegt drengnum.

Ekki er tekin afstaða til vilja drengsins í undirmati þar sem hann sé í togstreitu milli aðila. Í yfirmati kemur hins vegar fram að í viðtölum yfirmatsmanna við drenginn hafi komið fram að hann vildi helst vera meira hjá stefnanda en stefndu. Dómarar hittu drenginn við aðalmeðferð málsins og ræddu við hann. Hann var í fyrstu feiminn en átti síðan auðvelt með að tjá sig. Hann sagði í fyrstu að hann vildi vera meira hjá stefnanda en stefndu, en við nánari eftirgrennslan kom í ljós að afstaða hans var fremur völt og hann kvaðst á endanum vilja vera jafnt hjá foreldrum sínum. Jafnframt sagði drengurinn að hann vildi vera áfram í sama skóla.

Þegar litið er til alls framangreinds standa viss rök til þess að lögheimili drengsins verði hjá stefndu. Dómurinn verður hins vegar að taka undir áhyggjur sem koma fram í yfirmati um stefndu. Ýmislegt er óljóst um stefndu og ekki liggur fyrir gilt persónuleikapróf. Stefnda hefur sýnt ákveðna hvatvísi og óljóst er hvernig búsetu hennar verður háttáð, hvar drengurinn eigi að ganga í skóla og hvort hún ætli að búa með drenginn hálfri árið í [...]. Fyrir dómi kvaðst hún ætla að búa á Íslandi næstu árin og það væri misskilningur hjá yfirmatsmönnum að hún hafi áform um að búa hluta ársins í [...]. Í vitnisburði yfirmatsmanna fyrir dómi kom hins vegar fram að það væri af og frá að þeir hefðu misskilið hana. Stefnda hefði jafnframt áður lýst slíkum áformum og það liggi fyrir í gögnum málsins. Svör stefndu fyrir dómi voru stundum óljós og erfitt að fá skýr svör hjá henni. Samkvæmt framansögðu verður að telja að það sé drengnum fyrir bestu að raska ekki högum hans, að forsjá verði áfram sameiginleg og lögheimili hans hjá stefnanda. Skráning lögheimilis stefnanda sem ótilgreint í Mosfellsbæ er hér ekki fyrirstaða enda hafa ekki fylgt því vandamál, s.s. varðandi skráningu í skóla. Fjárhagsstaða aðila hefur heldur ekki áhrif hér. Þá telur dómurinn ekki hættu á að drengurinn verði fyrir ofbeldi hjá stefnanda. Niðurstaða um að forsjá verði áfram sameiginleg og lögheimili hjá stefnanda felur hins vegar í sér óbreytt ástand og því líkur á að deilur aðila leysist ekki, sem er drengnum skaðlegt. Dómurinn leggur því áherslu á mikilvægi þess að samhliða slíkri niðurstöðu verði regluleg umgengni stefndu við drenginn tryggð og að stefnandi virði rétt og hagsmuni drengsins af því að njóta umgengni við stefndu.

Eins og fram kemur í VI. kafla hér að framan ber dómara skv. 5. mgr. 34. gr. barnalaga að kröfu annars foreldris eða beggja að kveða á um inntak umgengnisréttar barns og foreldris, enda hafi krafa um það verið gerð í stefnu eða greinargerð stefnda. Þá er í téðu ákvæði mælt fyrir um að við ákvörðun dómara um umgengni gilda ákvæði 1.-4. mgr. 47. gr. barnalaga.

Stefnandi gerir ekki kröfu í stefnu um að dómurinn kveði á um inntak umgengnisréttar. Enn fremur er því haldið fram af hálfu stefnanda að dómurinn geti ekki kveðið á um inntak umgengni vegna þess hvernig kröfugerð stefndu sé háttáð í greinargerð hennar, en hún geri aðeins kröfu um að ákveðin verði umgengni drengsins við stefnanda en ekki við hana. Þessu verður að hafna. Stefnda gerir í greinargerð sinni kröfu um að kveðið verði á um umgengni og dómnum ber því skv. 5. mgr. 34. gr. barnalaga að kveða á um inntak umgengnisréttar barns og foreldris. Kröfugerð stefndu verður að skilja þannig að í henni felist einnig að kveðið verði á um umgengni stefndu við drenginn verði fallist á kröfu stefnanda um lögheimili drengsins. Í greinargerð segir beinlínis varðandi almenna umgengni að „sonur þeirra verði hjá stefndu“ tiltekinn tíma og „til skiptis hjá foreldrum“ á stórhátíðum og sumrin. Þá verður að hafa í huga að umfjöllun í greinargerð stefndu um útfærslu umgengni eru aðeins tillögur, langt er um liðið, aðstæður eru nú aðrar og umgengni hefur verið komið á með öðrum hætti. Loks verður að horfa til þess að í 1. málsl. 2. mgr. 47. gr. barnalaga er með beinum hætti kveðið á um rétt sýslumanns, eftir atvikum dómara, til að ákveða inntak umgengnisréttar, skilyrði og hversu honum verði beitt. Eins og fram kemur í Handbók um barnalögin nr. 76/2003 með síðari breytingum er að meginstefnu til gert ráð fyrir því að sýslumaður, eftir atvikum dómari, taki mið af kröfugerð foreldra við uppkvaðningu úrskurðar að þess leyti en hann geti hagað úrskurði sínum óháð því hvernig foreldrar haga kröfum sínum efnislega.

Við ákvörðun um inntak umgengni stefndu við drenginn ber fyrst og fremst að líta til þess sem drengnum er fyrir bestu, sbr. 2. mgr. 47. gr. barnalaga. Aðilar sömdu meðan á rekstri máls þessa stóð um fyrirkomulag umgengni, með því að drengurinn dveldi viku og viku í senn hjá hvorum aðila. Þrátt fyrir

fjarlægð milli heimila aðila og ágreining milli þeirra hefur það fyrirkomulag gengið. Þá kemur fram í yfirmati að ef aðilar geti samið um viku og viku þá sé það gott. Það er niðurstaða dómsins að það þjóni best hagsmunum drengsins að þeirri umgengni sem hefur verið komið á við meðferð málsins, vika og vika í senn hjá hvorum aðila, þjóni best hagsmunum drengsins. Dómurinn telur ekki þörf á að útfæra aðra umgengni, eins og á hátíðisdögum eða í sumarleyfum en tekið skal fram að með vísan til 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar, 1. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, svo og ákvæða samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins eiga mæðginin rétt til þess að fara saman í leyfi til [...] þar sem drengurinn á rætur. Um þetta vísast til dóms Landsréttar í máli nr. 422/2022.

Samkvæmt öllu framansögðu skal forsjá drengsins vera áfram sameiginleg og lögheimili hans hjá stefnanda. Þá skal drengurinn dvelja viku og viku í senn hjá hvoru foreldri sínu.

Rétt er að fallast á kröfu stefnanda um að stefnda greiði einfalt meðlag með drengnum frá dómsuppsögu til 18 ára aldurs hans.

Eftir atvikum og með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Stefnandi hefur gjafsóknarleyfi, útgefið 13. desember 2022, en það er takmarkað við réttargjöld, lögmannsþóknun og undirmatsgerð við rekstur málsins fyrir héraðsdómi. Framangreindur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist því úr ríkissjóði, en ekki yfirmatsgerð. Þóknun lögmanns stefnanda, Péturs Fannars Gíslasonar, sem var upphaflega með málið, er hæfilega ákveðin, með hliðsjón af tímaskýrslu, 644.800 krónur. Þóknun Barkar Inga Jónssonar lögmanns er hæfilega ákveðin, með hliðsjón af tímaskýrslu, 830.180 krónur, að virðisaukaskatti meðtöldum. Þóknun Hilmars Garðars Þorsteinssonar, er hæfilega ákveðin, með hliðsjón af tímaskýrslu, 4.199.260 krónur, að virðisaukaskatti meðtöldum.

Stefnda hefur einnig gjafsóknarleyfi, útgefið 13. desember 2022, sem er takmarkað við réttargjöld og lögmannsþóknun, sem greiðist úr ríkissjóði. Lagður hefur verið fram málskostnaðarreikningur vegna þeirra lögmanns sem hafa komið að málinu fyrir stefndu. Þóknun Guðmundar Skúla Hartvigssonar, sem var upphaflega lögmaður stefndu en fór til annarra starfa, er ákveðin, með hliðsjón af tímaskýrslu, 1.523.340 krónur, að virðisaukaskatti meðtöldum. Þá er þóknun Evu Hauksdóttur lögmanns ákveðin, með hliðsjón af tímaskýrslu, 483.600 krónur, að virðisaukaskatti meðtöldum. Þóknun til Tryggva Agnarssonar lögmanns er ákveðin, með hliðsjón af tímaskýrslu, 3.636.672 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Með vísan til 1. mgr. 44. gr. barnalaga nr. 76/2003 er ákveðið að áfrýjun dómsins fresti ekki réttaráhrifum hans.

Dóm þennan kveður upp Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari, ásamt meðdómendum Helga Garðari Garðarssyni geðlækni og Þorgeiri Magnússyni sálfræðingi.

Dómsorð:

Stefnandi, B, og stefnda, A, skulu fara áfram sameiginlega með forsjá drengsins, C, og lögheimili drengsins vera hjá stefnanda.

Regluleg umgengni skal vera þannig að drengurinn dvelji viku og viku í senn hjá hvoru foreldri sínu.

Stefnda greiði einfalt meðlag með drengnum, frá uppsögu dóms þessa að telja til 18 ára aldurs hans.

Málskostnaður fellur niður milli aðila.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Péturs Fannars Gíslasonar, að fjárhæð 644.800 krónur, þóknun Barkar Inga Jónssonar lögmanns, að fjárhæð 830.180 krónur, og þóknun Hilmars Garðars Þorsteinssonar, að fjárhæð 4.199.260 krónur.

Gjafsóknarkostnaður stefndu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Guðmundar Skúla Hartvigssonar, að fjárhæð 1.523.340 krónur, þóknun Evu Hauksdóttur lögmanns, að fjárhæð 483.600 krónur, og þóknun til Tryggva Agnarssonar lögmanns, að fjárhæð 3.636.672 krónur.

Áfrýjun dóms þessa frestar ekki réttaráhrifum hans.